

Aðalfundur Öldungadeildar SKÝ, „Skýrslufundur“ haldinn 26. febrúar 2018 kl. 12-14

Fundurinn var haldinn í húsnæði Origo, Borgartúni 37, sem útvegaði fundaraðstöðu og bauð upp á hádegismat og kaffi. Fengu þeir þakkarvott frá formanni fyrir velvildina.

Áður en formleg fundardagskrá hófst kynnti Gunnar Zoega fundarmönnum fyrirtækið Origo, sem nú hefur tekið við þeirri starfsemi sem Nýherji og dótturfyrirtæki ráku áður.

Gengið var til fundarstarfa:

Anna Kristjánsdóttir, formaður, setti fundinn og tilnefndi Þorstein Hallgrímsson fundarstjóra og Ágúst Ú Sigurðsson fundarritara.

Skýrsla formanns:

Formaður rifjaði upp tvær tillögur sem Öldungadeild lagði fyrir aðalfund SKÝ 2017:

1. Stjórn Öldungadeildar leggur til að stofnaður verði áhugahópur um nýtingu sögulegrar þekkingar sem "kallast á" við Öldungadeild um það hvernig söguleg þekking megji koma að gagni í framþróun upplýsingatækni og tölvunotkunar á hvaða vettvangi sem verða má.

Upp hefur komið mismunandi túlkun á því hvað átt er við, en höfundur tillögunnar mun hafa átt við nálægð þeirra sem "kölluðust á". Frá SKÝ kom hugmynd um að nota Facebook til slíks. Fyrirhugað hefði verið að fylgja þessari tillögu eftir haustið 2017, en vegna mikils annríkis formanns frestaðist hún þá.

2. Stjórn Öldungadeildar leggur til að á komandi starfsári SKÝ verði boðað til ráðstefnu þar sem frumherjar í nýtingu tölvutækni á vettvangi tónlista, kvikmyndagerðar, leikhúss, myndlistar o.s.frv. verði fengnir til að segja frá fyrstu skrefum þar - svo og hvert hugmyndir voru sóttar - en einnig komi fram hlutdeild upplýsingatækni og tölvubúnaðar í iðkan þessara listgreina í dag.

Formaður sagði að tillagan hefði ekki komið til framkvæmda á síðasta starfsári eins og lagt var til og ítrekaði ósk um framkvæmd hennar.

Þá vék formaður að sögu upplýsingatækninnar á vef SKÝ. Í köflunum um menntamál taldi hún ekki gerðan skýran greinarmun á menntun í upplýsingatækni annars vegar og áhrifum upplýsingatækninnar á menntamál hins vegar. Að hennar dómi var einkum fjallað um fyrra atriðið, en skorti á umfjöllun um það síðara.

Kosning stjórnar öldungadeildarinnar; öldungaráðs:

Fráfarandi stjórn var skipuð eftirfarandi:

Anna Kristjánsdóttir, formaður
Þorsteinn Hallgrímsson, meðstjórnandi
Jón Ragnar Höskuldsson, meðstjórnandi
Örn Kaldalóns, meðstjórnandi
Ágúst Úlfar Sigurðsson, meðstjórnandi
Bergþóra K. Ketilsdóttir, meðstjórnandi
Bergsveinn Þórarinsson, meðstjórnandi

Samkvæmt lögum félagsins skal skýrslufundur kjósa fimm stjórnarmenn, sem skipta með sér verkum og er stjórnin því ekki af rétttri stærð. Ekki lá fyrir hverjir fjarstaddra stjórnarmanna myndu gefa kost á áframhaldandi setu og hverjir myndu kjósa að ganga út. Til að höggva á hnútinn stakk Þorsteinn upp á að óbreytt stjórn sæti áfram og leysti þetta mál. Var því óbreytt stjórn kosin til áframhaldandi setu og henni falið að greiða úr þessu máli sjálf.

Önnur mál:

Arnheiður framkvæmdastjóri SKÝ, vakti athygli fundarins á 50 ára afmæli Ský, hinn 6. apríl nk. Hún lýsti eftir hugmyndum um sýningaratriði sem gætu hentað í fyrirhugaða afmælisveislu. Helst leist fundarmönnum á að hafa myndasýningu með einhverju ágripi eða punktum úr sögu upplýsingatækninnar. Einnig var rætt um tengsl upplýsingatækninnar við hin ýmsu listform og samstarf við listamenn, samanber tillögu nr 2 í skýrslu formanns. Var Björk Guðmundsdóttir nefnd sem áhugaverður samstarfsaðili.

Arnheiður upplýsti að prentuð útgáfa af Sögu tölvuvæðingar á Íslandi myndi koma út á afmælisdaginn, 6. apríl.

Þorsteinn varpaði fram spurningum um framtíðartilgang Öldungadeildarinnar og auglýsti eftir stefnumörkun. Nokkrar umræður spunnust um það, en sem fyrr er öll starfsemi sem snýr að varðveislu eldri tölvubúnaðar og möguleikum á að sýna hann mörkuð af velvild fyrirtækja í upplýsingatæknigreinum og litlu ráðstöfunarfé. Engin meginniðurstaða fékkst að sinni en mikilvægt er að halda þessari umræðu áfram á komandi starfsári.

Fundi slitið.

Fundarmenn:

Þorsteinn Hallgrímsson
Þórhallur M Einarsson
Ágúst Ú Sigurðsson

Baldur Pálsson

Bergur Jónsson

Arnlaugur Guðmundsson

Hulda Guðmundsdóttir

Arnheiður Guðmundsdóttir

Hjálmtýr Guðmundsson

Anna Kristjánsdóttir

Fundarritun: Ágúst Ú Sigurðsson